

## Níundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki miðvikudaginn 6. september 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þróstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Erindi frá Bryndísi Guðmundsdóttir og Sigurði Hreinssyni varðandi Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps, dagsett 20. ágúst 2023.

Erindið tekið fyrir og rætt. Erindið inniheldur fjórar spurningar sem að þau leggja fyrir sveitarstjórn og óska svara við.

Fyrir síðustu aldarmót var farið á vegum Eyja- og Miklaholtshrepps í að leita að heitu vatni innan marka sveitarfélagsins. Það leiddi til þess að heitt vatn fannst í landi Eiðhúsa. Þáverandi landeigandi Eiðhúsa ánafnaði sveitarfélaginu hitaréttindi jarðarinnar Eiðhúsa til nýtingar á heitu vatni til upphitunar íbúðarhúsnæðis, sem og raforku framleiðslu. Í kjölfarið var borað eftir heitu vatni á vegum sveitarfélagsins. Virkjaðar voru tvær holur sem á tímabili gáfu sjálfrennandi um 5,3 sek./ltr.

Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps var stofnuð, þar sem að sveitarfélagið á um þriðjungs eignarhlut í félaginu. Holurnar tvær lagði sveitarfélagið til sem hlutafé í félagið og í kjölfarið var viðurkennd skuld HEM við sveitarfélagið, í ársreikningum bæði HEM og sveitarfélagsins.

Reynslan sýndi að vatnsmagnið var ekki nægjanlegt til að uppfylla þarfir veituhafa, sem var takmarkað við nágrenni Eiðhúsa. Í kjölfarið lét sveitarfélagið bora rannsóknarholu til frekari öflunar á heitu vatni. Þessar rannsóknir leiddu til þess að álitlegt þótti að bora fleiri virkjunarholur. Þáverandi sveitarstjórn lét á þeim tíma gera áætlanir um að víkka út veituna. Sveitarfélagið hefði þurft að yfirtaka HEM á þeim tíma, til að fá sem hagkvæmast fjármagn fyrir framkvæmdinni. Rekstargrundvöllur nýrrar veitu hefði falist í því að stór notandi myndi kaupa stóran part af vatninu sem að áætlað var að þarna væri. Á þeim tímamarki lá fyrir að Félagsbúið á Miðhrauni hafði lýst yfir áhuga sínum á að kaupa mikið magn af heitu vatni.

Ofangreindar fyriráætlanir runnu út í sandinn, meðal annars vegna andstöðu einhverra hluthafa í HEM.

Hluti íbúa sveitarfélagsins söfnuðu undirskriftum til áskorunar til eiganda jarðarinnar Eiðhúsa, Ingibjargar Kristjánsdóttur, um að hún og Ólafur Ólafsson myndu bora eftir heitu vatni í landi Eiðhúsa. Þau urðu við þeirri áskorun sveitunga sinna að bora. Þau leituðu eftir samkomulagi við sveitarfélagið um borun. Sérstakt samkomulag var gert á milli

þeirra og sveitarfélagsins, af sveitarstjórn þess tíma, um borun. Borun sú varð árangursrík og hefur sýnt fram á að mikið heitt vatn gæti náðst upp úr henni.

1. Hver er stefna sveitastjórnar í hitaveitumálum?

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps lítur svo á að jarðvarma beri að virða og ganga vel um og nýta eins vel og mögulegt er. Aðgangur að heitu vatni er ekki einkamál örfárra íbúa í sveitarfélaginu. Það er skylda, að mati sveitarstjórnar, að stuðla að því að heitt vatn nýtist sem flestum íbúum sveitarfélagsins til upphitunar íbúðarhúsnæðis og til annarrar uppbyggingar í sveitarfélaginu.

2. Hvernig hefur sveitastjórn sem eigandi hitaveituréttinda í landi Eiðhúsa hugsað sér að uppfylla samninginn sem gerður var 2004 við hluthafa HEM? Það var eignarréttarlegur samningur þar sem Félagsbúið Miðhrauni og Sigurður Hreinsson gáfu eftir eignir og framkvæmdir og fengu fyrir það ákv. vatnsmagn og samning um umframvatn.

Núverandi sveitarstjórn telur sig ekki vera að ganga gegn áður gerðum samningum.

3. Sveitarstjórn greiddi sinn eignarhlut 2004 með réttindum yfir borholum, en afhenti síðar sömu verðmæti til þriðja aðila með ósamrýmanlegum hætti, þ.e. afhending til síðari aðila skerðir þau réttindi sem hreppurinn hafði áður afhent HEM. Ljóst er að síðari aðilinn hefur borað inn í okkar kerfi og sett niður dælu með þeim afleiðingum að þegar þeir byrja að dæla hverfur vatn HEM og stendur til að bæta okkur það með broti af því vatni sem við eigum í þessu kerfi. Með samningnum 2004 kveður á um það að sveitafélagið gangi úr félaginu við sameiningu eða ef veitan verði ekki útvíkkuð frekar þá ber hluthöfum að kaupa hlut sveitafélagsins. Spurningin er því.

Hvað telur sveitafélagið að við hluthafar eigum að kaupa þegar þeir eru búnir að eyðileggja það sem þeir settu inn sem hlut með því að afhenda það þriðja aðila?

Núverandi sveitarstjórn hefur ekki afsalað réttindum til þriðja aðila varðandi virkjunarrétt í landi Eiðhúsa. Núverandi sveitarstjórn getur ekki svarað fyrir fyrri sveitarstjórnir.

4. Hvernig gætti sveitarstjórn að vönduðum stjórnarsýsluháttum, lögum um sveitarstjórnir og stjórnarsýslulögum við ákvörðun sína um að fela oddvita að greiða með tillögum um afturköllun lögbannsbeiðni og að HEM skuli ganga frá samningi við Hitaveitu Eiðhúsa?

Oddvita var falið með öllum greiddum atkvæðum í sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps að fara með hlut sveitarfélagsins í HEM. Sveitarstjórn telur brýnt að hluthafar HEM geri sér grein fyrir því að sveitarstjórn fer ekki með boðvald í HEM.

Oddvita falið að svara erindinu.

2. Erindi frá Sonju K. Marinósdóttir og Þórði Guðmundssyni varðandi geymslu á Breiðabliki, dagsett 23. ágúst 2023.

Í beiðninni er óskað eftir leyfi til að geyma frystikistur, kæliskáp og vörur sem tilheyra matarvagninum Agninu í geymslu í kjallara á Breiðabliki.

Sveitarstjórn getur ekki orðið við beiðninni. Gæta verður jafnræðis milli íbúa og rekstraraðila sveitarfélagsins.

Oddvita falið að svara erindinu.

3. Fundargerð Fjallskilaneftndar.  
Fundargerð lögð fyrir fundinn og samþykkt.
4. Fjallskilaseðill 2023.  
Fjallskilaseðill lagður fyrir fundinn.
5. Fundargerð 184. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands.  
Fundargerð lögð fyrir fundinn.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:30.

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign  
Þröstur Aðalbjarnarson sign  
Herdís Þórðardóttir sign  
Guðbjörg Gunnarsdóttir sign  
Sigurbjörg Ottesen sign